

287. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 4. maí 2016 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 15:00.

**Mættir:**

Kristín Björg Árnadóttir  
 Kristjana Hermannsdóttir  
 Björn H Hilmarsson  
 Rögnvaldur Ólafsson  
 Fríða Sveinsdóttir  
 Svandís Jóna Sigurðardóttir  
 Kristján Þórðarson  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 16. lið fundargerðir aðalskipulagsnefndar, sem 11. lið bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 4. maí 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um rekstrarleyfi og sem 12. lið bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 20. október 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um reksirarleyfi. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**


1. **Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2015.**  
 Endurskoðendur Snæfellsbæjar, Jónas Gestur Jónasson og Kristinn Kristófersson, mættu á fundinn og voru þeir boðnir velkomnir. Gerðu þeir grein fyrir helstu atriðum ársreikningsins, ásamt því að fara yfir samanburðartölur milli sveitarfélaganna á Snæfellsnesi.  
 Bæjarstjórn samþykkti samhljóða ársreikning Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2015 og voru þeir undirritaðir.  
 Viku endurskoðendur að þessu loknu af fundi og var þeim þökkúð koman.
2. **Fundargerðir 3. og 4. fundar ungmennaráðs, dags. 26. febrúar og 6. apríl 2016.**  
 Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
3. **Fundargerð 75. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 19. apríl 2016.**  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
4. **Fundargerð 139. fundar menningarnefndar, dags. 6. apríl 2016.**  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
5. **Fundargerð 157. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 5. apríl 2016.**  
 Lagt fram til kynningar.
6. **Fundargerð aðalfundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 6. apríl 2016.**  
 Lagt fram til kynningar.
7. **Fundargerð 134. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 4. apríl 2016.**  
 Lagt fram til kynningar.
8. **Bréf frá menningarnefnd, dags. 27. janúar 2016 varðandi uppbyggingu og starfssemi Pakkhússins. Áður lagt fyrir bæjarstjórn í byrjun febrúar.**  
 Fríða óskaði eftir því að það yrði bókað að hún myndi mælast til þess að starfsmaður upplýsingarmiðstöðvar yrði staðsettur í Pakkhúsinu en ekki í Átthagastofunni.  
 Kristín Björg lagði til að fyrirkomulagið yrði óbreytt í sumar, en þegar er búið að ræða við starfsmenn Átthagastofu um að þeir misbrestir sem urðu síðastliðið sumar muni ekki endurtaka sig. Einnig lagði hún til að í haust verði haldinn vinnufundur með starfsmönnum Átthagastofu og menningarnefnd um áframhaldandi starfssemi í Pakkhúsinu.  
 Bæjarstjórn samþykkti tillögu Kristínar Bjargar samhljóða.


KA  
 BAAH  
 FS  
 KA  
 KP  
 KBA


9. **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 28. apríl 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Önnu Þóru Böðvarsdóttur um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúðir, að Skólabraut 5 á Hellissandi, Snæfellsbæ.**  
Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti umsókn Önnu Þóru Böðvarsdóttur um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúðir, að Skólabraut 5 á Hellissandi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkvilið Snæfellsbæjar og umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar gefi einnig jákvæða umsögn.
10. **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 25. apríl 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Auðar Alexandersdóttur um endurnýjun rekstrarleyfis til reksturs gististaðar í flokki II, sumarhús í Hruna v/Hellissand, Snæfellsbæ.**  
Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti umsókn Auðar Alexandersdóttur um endurnýjun rekstrarleyfis til reksturs gististaðar í flokki II, sumarhús, í Hruna v/Hellissand, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkvilið Snæfellsbæjar og umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar gefi einnig jákvæða umsögn.
11. **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 4. maí 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Keilis ehf., um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, sumarhús, að Lækjabakka 6 á Arnarstapa, Snæfellsbæ.**  
Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti umsókn Keilis ehf., um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, sumarhús, að Lækjarbakka 6 á Arnarstapa, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkvilið Snæfellsbæjar og umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar gefi einnig jákvæða umsögn.
12. **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 20. apríl 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Helgu Guðjónsdóttur um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, sumarhús, að Jaðri 4 á Arnarstapa, Snæfellsbæ.**  
Bæjarstjóri vék af fundi undir þessum lið.  
Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti umsókn Helgu Guðjónsdóttur um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, sumarhús, að Lækjarbakka 6 á Arnarstapa, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkvilið Snæfellsbæjar og umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar gefi einnig jákvæða umsögn. Bæjarstjóri kom aftur inn á fund.
13. **Bréf frá Landskerfi bókasafna, dags. 14. apríl 2016, varðandi aðalfund þann 10. maí 2016.**  
Lagt fram til kynningar.
14. **Bréf frá Kauphöllinni, dags. 25. apríl 2016, varðandi áminningu vegna birtingu ársreiknings.**  
Lagt fram til kynningar.
15. **Minnisblað bæjarstjóra, dags. 2. maí 2016, varðandi ljósleiðaravæðingu.**  
Bæjarstjóri fór yfir málið, en nú er ljóst að ekki fást fjármunir í verkefnið á þessu ári. Bæjarstjórn er sammála um að halda áfram með það í von um að fá úthlutað fjármunum næst.
16. **Fundargerðir aðalskipulagsnefndar (2) og íbúafunda nefndarinnar (2), dags. 26. febrúar og 19. apríl 2016.**  
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
17. **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit janúar – apríl.
  - Bæjarstjóri fór yfir fjárhagsyfirlit stofnana fyrir tímabilið janúar – mars 2016.
  - Forseti bæjarstjórnar sagði frá Þjóðgarðsmiðstöð sem rísa á á Hellissandi. Bæjarstjórn fagnar því að komnir séu fjármunir í framkvæmdirnar og þakkar Sigrúnu Magnúsdóttur, umhverfisráðherra, hennar framgöngu í málinu.
  - Forseti bæjarstjórnar sagði frá Noregsferð samtaka sveitarfélaga sem hún, bæjarstjóri og formaður bæjarráðs fóru í í síðustu viku.

  
Kristín Björg Árnadóttir


  
Kristjana Hermannsdóttir

  
Kristján Þórðarson


  
Björn H Hilmarsson

  
Friða Sveinsdóttir

  
Rögnvaldur Ólafsson

  
Svandís Jóna Sigurðardóttir

\_\_\_\_\_  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari